


Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu
Pétur Ingi Haraldsson
Dalbraut 12
840 Laugarvatn



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 8. febrúar 2011
Tilvísun: UST20110200015/bs

Aðalskipulag - Biskupstungnahreppur 2000 - 2012, náma í landi Miklaholts. Umsögn

Vitnað er til tölvubréfs Skipulagsfulltrúa uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps dags. 2. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á gildandi aðalskipulagi Biskupstungnahrepps sem felst í því að landbúnaðarsvæði við Miklaholt breytist í efnistökusvæði.

Hér er um að ræða efnistöku á svæði sem nokkuð lengi hefur verið nýtt af landeiganda sem efnistökusvæði. Vegna framkvæmda við Reykjaveg er ráðgert að Vegagerðin taki 49.900 m³ af efni á um 2,4 ha stóru svæði.


Umræddu svæði hefur að hluta þegar verið raskað. Að efnistöku lokinni er ráðgert að námusvæðið verði sléttað og það grætt upp. Hluti námunnar verður skilinni eftir ófrágenginn vegna efnistöku landeiganda. Slíkur frágangur er ekki óalgengur í tilvikum sem þessu og gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við þessa tilhögun.

Umrætt efnistöku svæði er ekki á náttúrminjaskrá. Efnistakan mun ekki fara fram í jarðmyndun né vistkerfi sem nýtur sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við þá breytingu á landnotkun sem hér um ræðir.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson


Ólafur A. Jónsson
Deildarstjóri